

EFTIRLITSNEFND MEÐ MANNANAFNALÖGUM

**LOKASKÝRSLA
TIL
DÓMSMÁLARÁÐHERRA**

Dögg Pálsdóttir
Davíð Þór Björgvinsson
Jónas Kristjánsson

MARS 2005

EFNISYFIRLIT

1.	FORSAGA	3
2.	EFTIRLITSNEFND MED FRAMKVÆMD MANNANAFNALAGA	4
3.	BREYTING Á MANNANAFNALÖGUM MEÐ LÖGUM NR. 150/1998	5
4.	REYNSLAN AF FRAMKVÆMD MANNANAFNALAGANNA.....	5
	A. Hlutverk presta þjóðkirkjunnar og forstöðumanna og presta skráðra trúfélaga	6
	B. Hlutverk dómsmálaráðuneytis	9
	C. Hlutverk Þjóðskrár	9
	D. Hlutverk mannanafnanefndar	18
5.	ÁBENDINGAR	20
6.	LOKAORÐ	22

1. FORSAGA¹

Mannanafnalöggjöf á sér nokkra sögu hér á landi. Lengst af giltu um þetta efni lög um mannanöfn, nr. 54/1925. Þau lög þóttu bæði ágripskennd og ófullkomin. Auk þess var framkvæmd þeirra um margt í ólestri. Þrátt fyrir þessa annmarka á mannanafnalögum frá 1925 giltu þau í tæpa sjö áratugi, til 1. nóvember 1991 er lög um mannanöfn, nr. 37/1991, leystu þau af hólmi.

Ýmislegt í mannanafnalögum frá 1991 þótti til bóta. Þau höfðu að geyma margvísleg mikilvæg nýmæli, s.s. um skipun mannanafnanefndar sem fékk það hlutverk að semja mannanafnaskrá og skera úr ágreiningi um mannanöfn. Yfirstjórn málaflokksins var færð frá menntamálaráðherra til dóms- og kirkjumálaráðherra. Erlendir menn sem fengu íslenskt ríkisfang voru ekki lengur skyldaðir til að leggja niður nafn sitt heldur nægði að þeir tækju sér eitt íslenskt nafn til viðbótar eiginnafni sínu, en sambærilegt ákvæði hafði raunar um nokkurt skeið verið sett á hverju ári í sérlög um ríkisborgararétt. Kynjamisrétti laganna frá 1925 var að mestu útrýmt m.a. með því að heimila að ættarnöfn gengju í kvenlegg. Með lögum voru einnig settar skýrari reglur s.s. um það hvernig standa skyldi að nafngjöf og hver frestur til hennar væri, skilyrði sem eiginnöfn og kenninöfn skyldu fullnægja, skráningu og notkun nafna, nafnbreytingar og nafnrétt erlendra manna sem gerast íslenskir ríkisborgarar og þeirra sem hafa erlent ríkisfang en búa í landinu.

Þrátt fyrir þá framför sem fólst í mannanafnalögum frá 1991 sættu þau brátt nokkurri gagnrýni almennings. Gagnrýnin beindist einkum að ákvæði 2. gr. laganna sem þóttu of ströng, en fólu í sér að öll eiginnöfn af erlendum uppruna urðu óheimil nema þau hefðu unnið sér hefð í íslensku máli, hvort sem þau voru löguð að almennum reglum íslensks máls og hérlendum ritvenjum eða ekki. Auk þess skorti í greinina heimild til að gefa millinöfn, þótt sá siður hefði náð nokkurri útbreiðslu og fengið að þróast að mestu afskiptalaust um alllangt skeið. Auðsætt var af þeirri gagnrýni sem beindist að þessum og fleiri ákvæðum laganna að þau samræmdust ekki réttlætiskennd almennings. Dómsmálaráðherra skipaði því nefnd árið 1993 sem falið var að endurskoða lög frá 1991. Nefndin samdi frumvarp sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið var lagt fram að nýju, efnislega óbreytt, á 120. löggjafarþingi. Eftir mikla umræðu á Alþingi og nokkrar efnisbreytingar voru ný mannanafnalög, nr. 45/1996, samþykkt vorið 1996 og gengu í gildi 1. janúar 1997.

Mannanafnalögin frá 1996 veita meira frelsi í nafngiftum en verið hafði, einkum með því að heimila aðlöguð erlend eiginnöfn, jafnvel þótt þau styðjist ekki við hefð í íslensku máli. Enn fremur var réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna rýmkaður verulega. Þá heimila lög in millinöfn í fyrsta sinn í sögu íslenskrar mannanafnalöggjafar og aukna fjölbreytni í notkun kenninafna.

¹ Þessi kafli er samantekt á inngangskafli áfangaskýrslu eftirlitsnefndar með mannanafnalögum til dóms- og kirkjumálaráðherra frá 1997.

2. EFTIRLITSNEFND MED FRAMKVÆMD MANNANAFNALAGA

Við meðferð frumvarps til laga um mannanöfn á Alþingi vorið 1996 var samþykkt breytingartillaga við frumvarpið þess efnis að eftir gildistöku laganna skyldi skipuð nefnd til að fylgjast með framkvæmd þeirra. Ákvæðið, sem varð ákvæði III til bráðabirgða, er svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal, er lög þessi hafa tekið gildi, skipa þriggja manna nefnd er fylgist með framkvæmd laganna. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu menntamálaráðuneytis. Nefndin skal skila greinargerð til ráðherra fyrir 15. september 1997 og tillögum um breytingar á lögnum eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt, m.a. í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist af lögnum. Nefndin skal leita álits Hagstofu Íslands.

Í samræmi við ákvæðið skipaði dómsmálaráðherra nefnd hinn 3. desember 1996. Í nefndina voru skipuð: Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, dr. Halldór Ármann Sigurðsson, prófessor og formaður mannanafnanefndar, og dr. Jónas Kristjánsson, fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar. Þau tvö fyrstnefndu voru skipuð eftir tilnefningu dómsmálaráðherra en sá síðast nefndi eftir tilnefningu menntamálaráðherra. Eftirlitsnefndin var skipuð frá og með 1. janúar 1997. Nefndin taldi strax að liðlega hálfis árs reynsla af framkvæmd hinna nýju laga væri of stutt til þess að unnt væri að byggja á henni skynsamlegar lagabreytingartillögur. Í samráði við dómsmálaráðherra var því ákveðið að nefndin skilaði honum á tilsettum tíma áfangaskýrslu um framkvæmd laganna.² Lokaskýrsla nefndarinnar biði þess að lengri reynsla kæmist á framkvæmdina.

Í áfangaskýrslunni kom fram að eftirlitsnefndin taldi að í flestu hefði vel tekist til um framkvæmdina á þeim stutta tíma sem þau höfðu gilt og að í öllum aðalatriðum væri hún í réttum farvegi. Nefndin vakti þó athygli á eftirtöldum atriðum.

1. Kynning mannanafnalaganna frá 1996 hefði byrjað nokkuð seint og hefði mátt vera öflugri. Kynning beindist einkum að prestum og forstöðumönnum trúfélaga. Kynning til almennings, sem sérstaklega er fjallað um í ákvæði II til bráðabirgða, virtist hafa verið óveruleg. Bæta þyrfti úr og kynna almenningi mannanafnalögin.
2. Þrátt fyrir sérstaka kynningu mannanafnalaganna fyrir prestum gerðu þeir enn mistök. Auk þess virtist hlýðni þeirra við lögina á stundum ekki nægileg því vitað var um 17 tilvik fyrstu átta mánuði ársins 1997 þar sem nafn sem ekki er á mannanafnaskrá var gefið. Kynningu meðal presta þyrfti því nauðsynlega að auka. Enn fremur þyrfti dómsmálaráðuneytið að grípa til aðgerða gagnvart þessum prestum og a.m.k. áminna þá.
3. Reglur samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða með mannanafnalögnum hefðu ekki verið settar. Nauðsynlegt væri að slíkar reglur yrðu settar hið fyrsta eins og löggjafinn ætlaðist til.
4. Reglur skv. 20. gr. mannanafnalaganna um heimild Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, til að breyta ritun nafns í þjóðskrá án þess að um eiginlega nafnbreytingu væri að ræða hefðu ekki verið settar. Full ástæða væri til að huga að setningu þessara reglna.

Starf eftirlitsnefndarinnar lá niðri um nokkurra ára skeið, í fullu samráði við dómsmálaráðuneytið. Vorið 2003 barst formanni nefndarinnar boð frá dómsmálaráðherra um að hann óskaði eftir því að nefndin hæfist handa á nýjan leik og skilaði lokaskýrslu sinni.

² Áfangaskýrslan var lögð fram af hálfu dómsmálaráðherra sem skýrsla hans til Alþingis um störf nefndarinnar, þskj. 22, mál 22, 122. löggjafarþing 1997 – 8.

Breyting hafði orðið á skipan nefndarinnar á þeim tíma sem störf nefndarinnar lágu niðri. Davíð Þór Björgvinsson var skipaður í nefndina í stað dr. Halldórs Ármanns Sigurðssonar.

Nefndin fundaði nokkrum sinnum á árunum 2003 og 2004 og aflaði þeirra upplýsinga sem lokaskýrsla þessi byggist á. Nefndin fékk m.a. á sinn fund formann mannanafnanefndar Andra Árnason hrl. og Margréti Jónsdóttur, nefndarmann í nefndinni.³ Sömuleiðis komu á fund nefndarinnar Drífa Pálsdóttir skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri Þjóðskrár. Með samþykki dómsmálaráðuneytis vann Þjóðskrá þær tölulegu upplýsingar um mannanöfn sem í skýrslu þessari birtast.

Davíð Þór Björgvinsson tók við embætti dómara hjá Mannréttindadómstóli Evrópu haustið 2004 og hefur ekki getað tekið þátt í störfum nefndarinnar frá þeim tíma. Formaður nefndarinnar hefur því tekið saman lokaskýrslu þessa, í samráði við dr. Jónas Kristjánsson.

3. BREYTING Á MANNANAFNALÖGUM MEÐ LÖGUM NR. 150/1998

Vegna breytinga á sjálfræðisaldri með lögræðislögum nr. 71/1997 þurfti að breyta mannanafnalögum frá 1996. Var það gert með lögum nr. 150/1998, sem tóku gildi 30. desember 1998. Með breytingunni voru ákvæði mannanafnalaga varðandi aldur færð til samræmis við hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár. Aðrar breytingar hafa ekki verið gerðar á mannanafnalögum.

4. REYNSLAN AF FRAMKVÆMD MANNANAFNALAGANNA

Framkvæmd mannanafnalaganna er einkum í höndum fjögurra aðila, Þjóðskrár, dómsmálaráðuneytis, mannanafnanefndar, presta þjóðkirkjunnar og presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga.

Á framkvæmd mannanafnalaga reynir annars vegar við nafngjöf og hins vegar þegar lögráða einstaklingur eða forsjármaður ólöráða einstaklings óskar eftir að breyta nafni.

Framkvæmd laganna vegna nafngjafar hvílir annars vegar á prestum og forstöðumönnum skráðra trúfélaga og hins vegar á Þjóðskrá. Auk þess þarf mannanafnanefnd að koma að máli ef álita- og ágreiningsmál rísa vegna nafngjafarinnar.

Þjóðskrá, tekur við tilkynningum um nafngjöf og gætir þess að barni sé gefið nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess, sbr. 2. og 3. gr. laganna og 25. gr. þeirra. Berist tilkynning um eiginnaftan eða millinafn sem ekki er á mannanafnaskrá vísar Þjóðskrá málinu til mannanafnanefndar.

Framkvæmd laganna vegna óska lögráða einstaklinga eða forsjármanna ólögráða einstaklinga um breytingar á nafni er annars vegar í höndum dómsmálaráðuneytis og hins vegar Þjóðskrár. Í þessum tilvikum getur og þurft atbeina mannanafnanefndar ef álita- og ágreiningsmál rísa.

Eins og síðar verður vikið að öðlast þær breytingar, sem löggin heimila, ekki gildi fyrr en þær eru færðar í Þjóðskrá. Þjóðskrá útbjó viðamikilið skráningarkerfi vegna breytinga sem gerðar voru á mannanöfnum eftir gildistöku mannanafnalaganna 1991. Kerfinu var síðan breytt með tilliti til þeirra breytinga sem leiddu af mannanafnalögum frá 1996.

³ Ný mannanafnanefnd var skipuð í 16. febrúar 2005. Formaður nefndarinnar er nú Aðalheiður Jóhannsdóttir lektor. Aðrir nefndarmenn er Guðrún Kvaran prófessor og Haraldur Bernharðsson málfræðingur.

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

Skráningarkerfið var kynnt fyrir eftirlitsnefndinni fljótlega eftir að hún tók til starfa í ársbyrjun 1997.

Eins og áður var vikið að vann Þjóðskrá, með samþykki dómsmálaráðuneytis, upplýsingar úr þessu kerfi um tímabilið frá gildistöku mannanafnalaga 1. janúar 1997. Upplýsingar þessar koma fram í töflum hér á eftir. Skráningarkerfið gefur tækifæri til að athuga hvernig ákvæðum mannanafnalaganna er beitt og er sérstök ástæða til að benda á vonduð vinnubrögð Þjóðskrár að þessu leyti.

A. Hlutverk presta þjóðkirkjunnar og forstöðumanna og presta skráðra trúfélaga

Eins og áður hefur verið vikið að er skv. 2. gr. mannanafnalaga skylt að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess. Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni, við skírn eða nafngjöf í skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Þjóðskrár.

Tafla 1 sýnir fyrirkomulag nafngjafar frá 1997 til ársloka 2004.

TAFLA 1
Fyrirkomulag nafngjafar (2. mgr. 2. gr. mannanafnalaga)

Ár	Skírn í þjóðkirkju		Skírn / nafngjöf í skráðu trúfélagi (þ.á m. Fríkirkjum)		Nafngjöf tilkynnt Þjóðskrá		Skírn / nafngjöf íslenskra barna sem búsett eru erlendis		Samtals
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi
1997	3.761	78,5	197	4,1	363	7,6	469	9,8	4.790
1998	3.676	78,1	179	3,8	370	7,8	484	10,3	4.709
1999	3.509	77,2	197	4,3	402	8,8	440	9,7	4.548
2000	3.584	75,7	229	4,8	483	10,2	441	9,3	4.737
2001	3.503	77,2	253	5,6	391	8,6	392	8,6	4.539
2002	3.360	72,5	247	5,3	490	10,6	540	11,6	4.637
2003	3.191	69,6	299	6,5	545	11,9	552	12,0	4.587
2004	3.443	68,4	334	6,6	595	11,8	666	13,2	5.038
Samtals	28.027	74,6	1.935	5,1	3.639	9,7	3.984	10,6	37.585

Heimild: Þjóðskrá.

Af töflunni má sjá að flest börn eru skírð í þjóðkirkjunni, eða 74,6% yfir tímabilið. Skírnum í þjóðkirkjunni hefur þó fækkað um u.þ.b. 10 prósentustig á þessu átta ára tímabili eða úr 78,5% nafngjafatílfella í 68,4%. Á sama tímabili hefur skírnum og nafngjöfum í skráðum trúfélögum fjölgað úr 4,1% í 5,1% af heildarfjölda nafngjafa. Nafngjöf sem felst eingöngu í tilkynningu til Þjóðskrár hefur fjölgað úr 7,6% í 11,8%. Árið 1997 voru tæplega 10% barna sem fengu nafn búsett erlendis og fjölgaði upp í 13,2% af heildarfjöldanum árið 2004.

Tafla 2 sýnir aldur einstaklings við nafngjöf. Eins og áður hefur verið vikið að ber samkvæmt mannanafnalögum að gefa barni nafn áður en það nær sex mánaða aldri. Þjóðskrá skal vekja athygli forsjármanna barnsins á ákvæði laganna, hafi barni ekki verið gefið nafn innan þessara tímamarka. Ef forsjáarmaður sinnir ekki þessari áskorun innan eins mánaðar og tilgreinir ekki gildar ástæður fyrir drætti er heimilt, að undangenginni ítrekaðri skriflegri áskorun, að leggja dagsektir allt að 1.000 kr. á forsjármann barns og falla þær á þar til barni er gefið nafn. Hámarksfjárhæðin miðast við vísitölu neysliverðs í janúar 1996 og breytist í samræmi við breytingar hennar.

TAFLA 2
Aldur einstaklings við nafngjöf

Aldur	Skírn í Þjóðkirkju		Skírn / nafngjöf í skráðu trúfélagi (þ.á m. Fríkirkjum)		Nafngjöf tilkynnt Þjóðskrá		Skírn / nafngjöf íslenskra barna sem búsett eru erlendis		Samtals	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á 1. ári	27.711	77,1	1.914	5,3	3.413	9,5	2.897	8,1	35.935	95,61
1 árs	236	32,4	18	2,5	141	19,4	333	45,7	728	1,94
2-4 ára	65	12,5	3	0,6	78	14,9	376	72,0	522	1,39
5-14 ára	15	4,7	0	0	6	1,9	298	93,4	319	0,85
15-24 ára	0	0	0	0	0		64	100	64	0,17
25-44 ára	0	0	0	0	1	6,2	15	93,8	16	0,04
45-64 ára	0	0	0	0	0		1	100	1	0
65 +	0	0	0	0	0		0		0	
Samtals	28.027		1.935		3.639		3.984		37.585	100

Heimild: Þjóðskrá.

Tafla 2 sýnir að á tímabilinu hafa flest börn fengið nafn á 1. ári. Athygli vekur sá fjöldi íslenskra barna sem búsett eru erlendis sem eru skírd / fá nafngjöf á aldrinum 5 – 14 ára. Sennileg skýring á þessu er sú að gögn berast seint frá útlöndum um þessi atriði.

Í 3. gr. laganna er fjallað um hlutverk presta þjóðkirkjunnar og presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga vegna nafngjafar. Um leið og skírnar eða nafngjafar er óskað hjá presti þjóðkirkjunnar eða presti eða forstöðumanni skráðs trúfélags skal skýra honum frá því nafni eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé eiginnafnið eða millinafnið ekki á mannanafnaskrá skal viðkomandi prestur eða forstöðumaður hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn eða nafngjöf heldur bera málið undir mannanafnanefnd.

Þrátt fyrir þessi skýlausu lagafyrirmæli hefur það gerst allmörgum sinnum á ári hverju, frá gildistöku mannanafnalaga, að prestar þjóðkirkjunnar og prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga gefa nöfn sem ekki eru á mannanafnaskrá og tilkynna nafngjöfina síðan til Þjóðskrár. Þjóðskrá vísar þessum málum til mannanafnanefndar, eins og lög gera ráð fyrir, því henni er óheimilt að skrá nöfn sem ekki eru á mannanafnaskrá.

Fjöldi þessara mála á ári hverju á tímabilinu er sem hér segir:

Ár	Fjöldi nafngjafa
1997	29
1998	23
1999	13
2000	11
2001	7
2002	13
2003	11
2004	10

Heimild: Þjóðskrá.

Samtals hefur það því gerst 116 sinnum á tímabilinu að prestar þjóðkirkjunnar og prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga hafa skírt nöfnum sem ekki eru á mannanafnaskrá. Í yfirgnæfandi fjölda tilvika mun vera um að ræða presta þjóðkirkjunnar. Þótt fjöldi þessara

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

mála sé ekki mikill, miðað við heildarfjölda nafngjafa á ári hverju, þá sýnir hann engu að síður að allstór hópur presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga brýtur á ári hverju skýr ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna. Skv. 2. mgr. 25. gr. varða brot gegn lögnum sektum nema þyngri viðurlög liggja við eftir öðrum lögum.

Eins og áður hefur komið fram heimiluðu mannanafnalögin frá 1996 í fyrsta sinn notkun millinafna hér á landi. Það er því áhugavert að athuga hversu oft millinafn hefur verið gefið við nafngjöf eftir gildistöku laganna. Tafla 3 sýnir þetta.

Samanburður á tölfu 3 og töflu 1 sýnir að millinafn við nafngjöf er tiltölulega sjaldgæft eða í 2,3% tilvika yfir tímabilið. Ef litið er á þróunina á tímabilinu þá fer millinöfnum við nafngjöf heldur fjölgandi, þau voru gefin í 1,8% tilvika 1997 en í 2,7% tilvika 2004. Flest voru millinöfnin árið 2000, í 2,9% tilvika. Algengast er að ættarnafn sem náíð skyldmenni hefur borið er gert að millinafni eða í 44% tilvika ef horft er á tímabilið í heild. Næstalgengast er að ættarnafn sem barn hefur rétt til er tekið upp sem millinafn eða í 25% tilvika á tímabilinu.

TAFLA 3
Millinafn við nafngjöf (6. og 7. gr. mannanafnalaga)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samt.
Millinafn sem barn fær er á mannanafnaskrá	2	10	10	14	18	13	12	23	102
Eiginnafn foreldris i eignarfalli tekið upp sem millinafn	4	3	2	3	0	2	3	6	23
Millinafn sem vikur frá ákvæðum 2. mgr. 6. gr. sótt til náins skyldmennis	31	15	10	19	19	14	3	10	121
Ættarnafn sem barn ber í Þjóðskrá gert að millinafni	2	2	1	1	8	7	6	6	33
Ættarnafn sem barn hefur rétt til tekið upp sem millinafn	7	16	15	45	30	28	28	49	218
Ættarnafn sem náíð skyldmenni hefur borið (oftast sem eiginnafn eða millinafn) gert að millinafni	42	43	50	43	55	52	54	44	383
Samtals	88	89	88	125	130	116	106	138	880

Heimild: Þjóðskrá.

B. Hlutverk dómsmálaráðuneytis

Mannanafnalögin heyra undir dómsmálaráðuneyti, eins og áður hefur verið vikið að. Í VI. kafla laganna er fjallað um nafnbreytingar. Þar eru eftirtaldir nafnbreytingar heimilaðar með leyfi dómsmálaráðherra:

1. Að breyta eiginnafni og/eða millinafni, þar með talið að taka nafn eða nöfn til viðbótar því eða þeim sem einstaklingur ber eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber ef telja verður að ástæður mæli með því, sbr. 13. gr. laganna.
2. Að kenna feðrað barn til stjúpfóreltris, sbr. 3. mgr. 14. gr. laganna.
3. Að kenna fósturbarn til fósturfóreltris enda sé barnið í varanlegu fóstri hjá því, sbr. 5. mgr. 14. gr. laganna.
4. Að taka upp nýtt kenninafn ef telja verður að gildar ástæður mæli með því, sbr. 16. gr. laganna.

Þá er í V. kafla laganna fjallað um nafnrétt manna af erlendum uppruna. Skv. 4. mgr. 11. gr. er þeim sem fyrir gildistöku laganna fengu íslenskt ríkisfang með nafnbreytingarskilyrðum heimilt með leyfi dómsmálaráðherra að taka aftur upp þau nöfn sem þeir báru fyrir og/eða fella niður þau nöfn sem þeim var gert að taka sér.

Eins og áður hefur komið fram tekur leyfi dómsmálaráðuneytisins til nafnbreytinga ekki gildi fyrr en við skráningu í Þjóðskrá. Töflur 4 - 9 sýna þær nafnbreytingar sem dómsmálaráðuneytið hefur leyft frá 1997 til ársloka 2004 og sem skráðar hafa verið í Þjóðskrá.

C. Hlutverk Þjóðskrár

Eins og áður er komið fram tekur Þjóðskrá við öllum tilkynningum um nafngjafir, fylgist með því að þær séu í samræmi við fyrirmæli mannanafnalaganna og skráir þær. Þjóðskrá skráir líka og fylgist með öllum breytingum sem gerðar eru á nöfnum og verður hér fjallað um hlutverk hennar að því leyti.⁴

Í Þjóðskrá skal skrá allar breytingar sem dómsmálaráðherra heimilar samkvæmt mannanafnalögum, fyrr öðlast þær ekki gildi, eins og áður hefur verið rakið. Þá skal og tilkynna til Þjóðskrár allar nafnbreytingar sem ekki eru bundnar leyfi dómsmálaráðherra, hvort sem um er að ræða breytingu á eiginnafni, millinafni eða, sem oftast er, kenninafni.

Tafla 4 sýnir breytingar sem gerðar hafa verið á eiginnöfnum manna í Þjóðskrá á tímabilinu 1997 til ársloka 2004. Fyrir öllum breytingum af þessu tagi þarf leyfi dómsmálaráðherra.

⁴ Samtala í öllum töflum í þessum kafla sýnir fjölda breytinga sem gerðar hafa verið, ekki fjölda þeirra einstaklinga sem í hlut áttu.

TAFLA 4
Eiginnafnsbreytingar (13. gr. mannanafnalaga)

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Samt.
Nafnbreyting við ættleiðingu (D)	8	12	25	19	29	25	27	29	174
Eiginnafn tekið upp til viðbótar öðru eiginnafni (D)	63	47	61	46	60	60	54	65	456
Eiginnafn fellt niður (D)	10	3	4	1	1	8	7	10	44
Eiginnafn tekið upp og annað fellt niður (D)	24	30	24	20	34	33	32	30	227
Samtals	105	92	114	86	124	126	120	134	901

Heimild: Þjóðskrá.

Á tímabilinu hafa 901 eiginnafnsbreyting, flestar samkvæmt leyfi dómismálaráðherra, verið skráðar í Þjóðskrá. Eins og sjá má af töflunni er í réttum helmingi tilvika um þá breytingu að ræða að eiginnafn sé tekið upp til viðbótar öðru eiginnafni. Næstalgengast er að eiginnafn sé tekið upp og annað fellt niður. Þriðja algengasta tilfelli eiginnafnsbreytinga tengist ættleiðingu. Athyglisvert er að skoða á hvaða aldri einstaklingar eru sem eiginnafni er breytt hjá. Tafla 5 sýnir það.

TAFLA 5
Eiginnafnsbreytingar eftir aldri

Breyting gerð	Á 1. ári	Eins árs	2-4 ára	5-14 ára	15-24 ára	25-44 ára	45-64 ára	65 ára og eldri	Alls
Nafnbreyting við ættleiðingu (D)	52	89	22	7	3	1	0	0	174
Eiginnafn tekið upp til viðbótar öðru eiginnafni (D)	24	25	38	115	98	98	51	7	456
Eiginnafn fellt niður (D)	4	2	4	8	6	13	6	1	44
Eiginnafn tekið upp og annað fellt niður (D)	12	14	15	36	36	77	32	5	227
Alls	92	130	79	166	143	189	89	13	901

Heimild: Þjóðskrá.

Tafla 5 sýnir að breytingar á eiginnöfnum eru í liðlega helmingi tilvika gerðar af lögráðamönnum einstaklinga þar sem breytingarnar eru gerðar áður en börnin verða lögráða.

Áður hefur verið vikið að þeim nýmælum sem fólust í millinafnaákvæðum mannanafnalaganna. Tafla 6 sýnir þær millinafnabreytingar sem skráðar voru í Þjóðskrá á tímabilinu. Breytingar þessar byggjast ýmist á leyfi dómismálaráðherra eða tilkynningu einstaklings til Þjóðskrár.

TAFLA 6
Millinafnsbreytingar (6. og 7. gr. mannanafnalaga)

Breyting gerð	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Alls
Millinafnið tekið upp samkvæmt mannanafnaskrá (D)	5	7	9	11	6	9	5	9	61
Eiginnafrn foreldris í eignarfalli gert að millinafni (D)	3	1	2	5	5	4	0	2	22
Millinafnið sótt til náins skyldmennis, ekki ættarnafn (D)	16	9	8	1	5	7	0	0	46
Ættarnafn sem borið er í Þjóðskrá gert að millinafni (Þ)	2	0	4	2	1	1	1	1	12
Ættarnafn sem réttur er til, gert að millinafni (Þ)	31	22	14	14	28	21	20	10	160
Ættarnafn sem náíð skyldmenni hefur borið gert að millinafni (Þ)	164	83	73	57	51	57	73	48	606
Ættarnafn maka gert að millinafni (Þ)	12	34	30	28	34	30	21	29	218
Millinafn maka gert að millinafni (Þ)	2	1	2	1	1	1	1	0	9
Alls	235	157	142	119	131	130	121	99	1.134

Heimild: Þjóðskrá.

Á tímabilinu voru 1.134 breytingar á millinöfnum skráðar í þjóðskrá. Í langflestum tilfellum eða 606 (53%) var um það að ræða að ættarnafn sem náíð skyldmenni hefur borið var gert að millinafni. Tölurnar sýna að langflestar breytingarnar voru gerðar árið 1997 og endurspeglar þær væntanlega ákveðna uppsafnaða þörf fyrir breytingu af þessu tagi.

Tafla 7 sýnir á hvaða aldri einstaklings breytingar eru helst gerðar á millinafni hans.

TAFLA 7
Millinafnsbreytingar eftir aldri

Breyting gerð	Á 1. ári	Eins árs	2-4 ára	5-14 ára	15-24 ára	25-44 ára	45-64 ára	65 ára og eldri	Alls
Millinafnið tekið upp samkvæmt mannanafnaskrá (D)	1	2	7	9	12	23	6	1	61
Eiginnafrn foreldris í eignarfalli gert að millinafni (D)	0	0	2	1	9	4	5	1	22

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

Millinafið sótt til náins skyldmennis, ekki ættarnafn (D)	4	3	6	15	3	9	4	2	46
Ættarnafn sem borið er í Þjóðskrá gert að millinafni (Þ)	2	1	2	4	0	2	1	0	12
Ættarnafn sem réttur er til, gert að millinafni (Þ)	17	5	24	47	27	32	8	0	160
Ættarnafn sem náði skyldmenni hefur borið gert að millinafni (Þ)	44	23	59	128	124	158	54	16	606
Ættarnafn maka gert að millinafni (Þ)	0	0	0	0	39	109	51	19	218
Millinafni maka gert að millinafni (Þ)	0	0	0	0	0	6	3	0	9
Alls	68	34	100	204	214	343	132	39	1.134

Heimild: Þjóðskrá.

Taflan sýnir að breytingar á millinafni gerast tíðari eftir því sem einstaklingar komast til vits og þroska. Jafnframt sýnir taflan að breytingarnar eru algengastar hjá einstaklingum 25 – 44 ára.

Tafla 8 sýnir breytingar í þjóðskrá á nöfnum manna af erlendum uppruna, sbr. heimildir 11. gr. laganna. Leyfi dómsmálaráðherra þarf til allra breytinga af þessu tagi.

TAFLA 8

Nafnbreytingar manna af erlendum uppruna

Breyting gerð	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Alls
Breyting vegna íslensks ríkisfangs með lögum (D)	19	27	28	32	39	39	34	52	270
Breyting hjá börnum þeirra sem breytt hafa vegna íslensks ríkisfangs með lögum	1	1	7	0	8	13	10	16	56
Breyting vegna nafnbreytingarskilyrða frá 1952	34	9	14	9	6	2	9	4	87
Breyting hjá niðjum þeirra sem breytt hafa vegna nafnbreytingarskilyrða frá 1952	82	5	4	7	6	6	1	7	118
Alls	136	42	53	48	59	60	54	79	531

Heimild: Þjóðskrá.

Þessi tafla sýnir að á tímabilinu hafa 270 einstaklingar sem fengu íslenskt ríkisfang með lögum og sem ekki þurftu að breyta nafni sínu engu að síður kosið að taka íslenskt nafn. Taflan sýnir enn fremur að á sama tímabili hafa 87 einstaklingar sem áður höfðu fengið íslenskt ríkisfang með þeim skilyrðum að þeir breyttu nafni sínu og tækju upp íslenskt tekið sitt upprunalega nafn að nýju. Þá hafa 118 niðjar einstaklinga sem urðu að gera slíkar

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

breytingar kosið að breyta sínu nafni. Með mannanafnalögum frá 1996 var niðjum í fyrsta sinn leyft að taka upp erlent ættarnafn fjölskyldu sinnar.⁵ Flestar breytingarnar voru árið 1997 og sýna greinilega uppsafnaða þörf fyrir þessar breytingar sem fyrst voru heimilaðar með lögum frá 1996.

Tafla 9 sýnir aldursdreifingu þegar breyting er gerð á nafni manna af erlendum uppruna.

TAFLA 9
Nafnbreytingar manna af erlendum uppruna eftir aldri

Breyting gerð	Á 1. ári	Eins árs	2-4 ára	5-14 ára	15-24 ára	25-44 ára	45-64 ára	65 ára og eldri	Alls
Breyting vegna íslensks ríkisfangs með lögum (D)	0	0	0	10	49	176	34	1	270
Breyting hjá börnum þeirra sem breytt hafa vegna íslensks ríkisfangs með lögum (D)	2	2	4	36	12	0	0	0	56
Breyting vegna nafnbreytingarskilyrða frá 1952 (D)	0	0	0	1	9	27	40	10	87
Breyting hjá niðjum þeirra sem breytt hafa vegna nafnbreytingarskilyrða frá 1952 (D)	7	8	13	25	29	30	6	0	118
Alls	9	10	17	72	99	233	80	11	531

Heimild: Þjóðskrá.

Taflan sýnir að algengast er að einstaklingur sé á aldrinum 25 – 44 ára þegar nafnbreyting af þessu tagi er gerð.

Í IV. kafla mannanafnalaga er fjallað um kenninafnsbreytingar. Kenninafnsbreytingar byggjast flestar á tilkynningu einstaklinga til Þjóðskrár um það með hvaða hætti þeir hyggjast breyta kenningu til foreldra á grundvelli ákvæða mannanafnalaganna. Slíkar breytingar eru algengastar eins og fram kemur í töflu 10. Kenninöfnum má þó einnig breyta samkvæmt leyfi dómsmálaráðherra. Leyfi ráðherra þarf ef kenna á feðrað barn til stjúpforeldris, fósturbarn í varanlegu fóstri til fósturforeldris eða ættleitt barn til kjörforeldris. Þá getur ráðherra leyft kenninafnsbreytingu ef gildar ástæður eru fyrir hendi að öðru leyti. Tafla 10 sýnir allar þær breytingar á kenninöfnum sem skráðar hafa verið í Þjóðskrá á tímabilinu.

⁵ Þetta á einvörðungu við um niðja þeirra útlendinga sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt. Réttur annarra útlendinga hér á landi og niðja þeirra til þess að halda ættarnafni sínu var hins vegar óskertur.

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

TAFLA 10
Kenninafnsbreytingar (8., 12., 14., 15. og 16. gr.)

Breyting gerð	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Alls
Kenning til föður verður til móður (Þ)	20	33	34	49	39	42	46	45	308
Kenning til móður verður til föður (Þ)	658	736	706	827	831	772	826	826	6.182
Erl. ríkisborgari kennir sig til föður eða móður maka (Þ)	14	17	11	21	23	20	15	23	144
Ófeðrað barn kennt til stjúp föður síns (Þ)	1	1	2	0	5	1	2	2	14
Feðrað barn kennt til stjúp föður síns (D)	4	10	19	5	11	7	4	4	64
Ættleitt barn kennt til kjörforeldris (D)	29	29	36	37	41	42	48	48	310
Ættarnafn fellt niður (Þ)	58	55	70	53	52	49	52	64	453
Ættarnafn tekið upp í karlegg (Þ)	128	110	130	122	97	135	112	127	961
Ættarnafn tekið upp í kvenlegg (Þ)	43	26	44	38	36	64	56	50	357
Ættarnafn maka fellt niður (Þ)	10	3	6	10	11	11	16	10	77
Breyt. v. gildra ástæðna (D)	21	16	21	11	17	10	21	18	135
Ófeðrað barn kennt til afa síns (Þ)	1	0	3	0	1	2	2	3	12
Föður- eða móðurnafn lagt niður við heimkomu (Þ)	0	2	3	0	0	7	7	12	31
Erl. ríkisborgari tekur upp ættarnafn erlends maka (Þ)	1	6	8	16	30	32	34	36	163
Kenning til beggja foreldra, móðir-faðir (Þ)	18	2	14	16	12	10	3	8	83
Kenning til beggja foreldra, faðir-móðir (Þ)	7	3	2	3	7	7	2	4	35
Kenning til annars foreldris að viðbættu ættarnafni (Þ)	179	137	115	142	122	117	144	132	1.088
Ættarnafn að viðbættri kenningu til annars foreldris (Þ)	117	87	95	63	61	69	76	70	638
Kenninafn dregið af erlendu eigin nafni foreldris, leyfi mannanafnanefndar (Þ)	7	4	3	2	5	3	9	4	37

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

Erl. ríkisborgari tekur upp ættarnafn íslensks maka (Þ)	6	5	8	5	8	5	8	4	49
Erl. ríkisborgari tekur upp kenningu íslensks maka í sínu eigin kyni (Þ)	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Fósturbarn í varanlegu fóstri kennt til fósturforeldris (D)	9	8	7	3	3	2	1	2	35
Breyting gerð í andstöðu við foreldri sem barn var kennt til (D)	0	0	1	0	1	0	1	0	3
Kenning til annars foreldris, nafn þess ekki á mannanafnaskrá (Þ)	4	0	2	0	0	0	0	1	7
Breyt. gerð hjá niðjum þeirra sem lögðu niður föður- eða móðurnafn við heimkomu	1	13	11	10	12	12	8	21	88
Alls	1.336	1.303	1.351	1.433	1.425	1.419	1.493	1.515	11.275

Heimild: Þjóðskrá.

Taflan sýnir að á tímabilinu hafa breytingar í Þjóðskrá vegna kenninafna verið algengastar, eða 11.275 breytingar. Það veur athygli að sókn í tvöfalda kenningu, þ.e. bæði til föður og móður er lítil. Í 83 tilvikum hefur kenningu verið breytt þannig að kennt er til móður og föður og í 35 tilvikum hefur kenningunni verið breytt í kenningu til föður og móður. Ákvæði sem heimilaði tvöfalda kenningu kom inn í löggin í meðförum Alþingis og þótti jafnréttismál. Athygli veur einnig að talsvert er um að einstaklingar vilji breyta kenningu þannig að hún sé til annars foreldris að viðbættu ættarnafni eða ættarnafn að viðbættri kenningu til annars foreldris. Þessi fjöldi breytinga af þessu tagi endurspeglar væntanlega vilja þeirra sem heimild hafa til að bera ættarnafn til að bera það áfram en kenna sig jafnframt til annars foreldris síns. Í þessum tilvikum er ýmist að ættarnafn komi á undan kenningu til foreldrisins (638) eða á eftir (1.088).

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

TAFLA 11
Kenninafnsbreytingar eftir aldri

Breyting gerð	Á 1. ári	Eins árs	2-4 ára	5-14 ára	15-24 ára	25-44 ára	45-64 ára	65 ára og eldri	Alls
Kenning til föður verður til móður (Þ)	14	15	26	21	139	85	7	1	308
Kenning til móður verður til föður (Þ)	4.992	506	445	210	14	13	1	1	6.182
Erl. ríkisborgari kennir sig til föður eða móður maka (Þ)	0	0	0	0	30	108	6	0	144
Ófeðrað barn kennt til stjúpföður síns (Þ)	0	0	1	10	3	0	0	0	14
Feðrað barn kennt til stjúpföður síns (Þ)	0	0	2	54	8	0	0	0	64
Ættleitt barn kennt til kjörforeldris (D)	57	95	23	36	54	43	2	0	310
Ættarnafn fellt niður (Þ)	277	31	33	38	27	32	14	1	453
Ættarnafn tekið upp í karllegg (Þ)	545	60	55	95	82	93	19	12	961
Ættarnafn tekið upp í kvenlegg (Þ)	135	9	16	44	70	73	10	0	357
Ættarnafn maka fellt niður (Þ)	0	0	0	0	6	47	20	4	77
Breyt. v. gildra ástæðna (D)	0	0	0	0	79	49	5	2	135
Ófeðrað barn kennt til afa síns (Þ)	5	1	4	0	0	2	0	0	12
Föður- eða móður-nafn lagt niður við heimkomu (Þ)	7	9	5	9	1	0	0	0	31
Erl. ríkisborgari tekur upp ættarnafn erlends maka (Þ)	0	0	0	0	55	105	3	0	163
Kenning til beggja foreldra, móðir-faðir (Þ)	16	4	9	19	19	14	2	0	83
Kenning til beggja foreldra, faðir-móðir (Þ)	9	0	5	7	7	5	2	0	35
Kenning til annars foreldris að viðbættu ættarnafni (Þ)	436	31	62	177	166	168	40	8	1.088
Ættarnafn að viðbætti kenningu til annars foreldris (Þ)	295	32	52	110	63	70	14	2	638

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

Kenninafn dregið af erlendu eigin nafni foreldris, leyfi mannanafnanefndar (Þ)	13	0	2	4	6	6	5	1	37
Erl. ríkisborgari tekur upp ættarnafn íslensks maka (Þ)	0	0	0	0	10	31	8	0	49
Erl. ríkisborgari tekur upp kenningu íslensks maka í sínu eigin kyni (Þ)	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Fósturbarn í varanlegu fóstri kennt til fósturforeldris (D)	0	0	4	29	2	0	0	0	35
Breyting gerð í andstöðu við foreldri sem barn var kennt til (D)	0	0	0	1	2	0	0	0	3
Kenning til annars foreldris, nafn þess ekki á mannanafnaskrá (Þ)	2	2	1	1	0	0	1	0	7
Breyt. gerð hjá niðjum þeirra sem lögðu niður föðureða móðurnafn við heimkomu	32	17	25	10	3	0	1	0	88
Alls	6.835	812	770	875	846	945	160	32	11.275

Heimild: Þjóðskrá.

Taflan sýnir að langflestar breytingar eru gerðar á kenninafni barns á 1. ári. Langflestar þeirra eiga rætur að rekja til þess að kenning til móður verður til föður. Þessi breyting er afleiðing þess að ef barn er ekki fedrað við fæðingu þá fær barn kenninafn móður í þjóðskrá. Við feðrun barnsins ákveður móðir í flestum tilvikum að kenna barnið til föður í samræmi við það sem algengast er.

Mannanafnalögin heimila Þjóðskrá, að breyta ritun nafns í þjóðskrá án þess að um sé að ræða eiginlega nafnbreytingu. Slík breyting á nafnritun skal fara eftir reglum sem Hagstofan setur að höfðu samráði við mannanafnanefnd, sbr. 20. gr. mannanafnalaga. Þessar reglur hafa ekki verið settar en við framkvæmd byggir Þjóðskrá á áralangri varðandi nafnritun.

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

Tafla 12 sýnir breytingar sem gerðar eru á nafnritun án þess að um eiginlega nafnbreytingu sé að ræða.

TAFLA 12
Aðrar breytingar

Breyting gerð	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	Alls
Nafnritun breytt – ekki nafnbreyting (Þ)	660	613	666	589	500	498	524	449	4.499
Nafnbreyting fengin erlendis vegna búsetu þar (Þ)	124	212	216	275	231	272	309	361	2.000
Alls	784	825	882	864	731	770	833	810	6.499

Heimild: Þjóðskrá.

Það vekur athygli hversu algengt það er að einstaklingar óska eftir breytingu á nafnritun sinni. Lætur nærri að Þjóðskrá, fái hátt í þrjár slíkar breytingar til afgreiðslu á hverjum vinnudegi. Algengast er að breyting af þessu tagi eigi rætur að rekja til upphafs þjóðskrár. Ef nöfn voru löng var eingöngu hægt að skrá eitt eiginnafn ásamt kenninafni á gatasþjöld sem þá voru notuð. Það þurfti því oft að sleppa eiginnöfnum. Þegar ákveðið var að vinna upplýsingar í þjóðskrá í sívinnsluskrá árið 1986 var stafbil þjóðskrár aukið úr 23 stöfum í 31 staf. Eftir gildistöku mannanafnalaganna 1991 var því hægt að gæta þess betur en áður að nafnritun í opinberum skjölum, svo sem vegabréfi og ökuskírteini, væri hin sama og í þjóðskrá. Af því hefur leitt að fjölmargir einstaklingar hafa látið breyta nafnritun sinni þannig að skráð séu eiginnafn eða eiginnöfn sem ekki var áður rúm fyrir í eldri skráningarkerfum þjóðskrár.

Tafla 13 sýnir aðrar breytingar eftir aldri. Algengast er að aðrar breytingar séu gerðar af einstaklingum sem orðnir eru á aldursbilinu 45 – 64 ára. Næstur er aldurshópurinn 25 – 44 ára.

TAFLA 13
Aðrar breytingar eftir aldri

Breyting gerð	Á 1. ári	1 árs	2-4 ára	5-14 ára	15-24 ára	25-44 ára	45-64 ára	65 ára og eldri	Alls
Nafnritun breytt – ekki nafnbreyting (Þ)	483	66	100	255	376	971	1.664	584	4.499
Nafnbreyting fengin erlendis vegna búsetu þar (Þ)	151	61	91	210	213	602	558	114	2.000
Alls	634	127	191	465	589	1.573	2.222	698	6.499

Heimild: Þjóðskrá.

D. Hlutverk mannanafnanefndar

Eins og áður hefur komið fram var mannanafnanefnd sett á laggirnar með mannanafnalögum frá 1991. Um nefndina er fjallað í VIII. kafla laganna frá 1996, 21. - 23. gr. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Í henni eiga sæti þrjár einstaklingar og jafnmargir til vara. Einn er skipaður að tillögu heimspekideildar Háskóla Íslands, annar að tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og sá þriðji að tillögu Íslenskrar málnefndar.

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem heimil teljast skv. 5. og 6. gr. laganna, svokallaða mannanafnaskrá. Nefndin skal gefa skrána út, kynna hana og gera hana aðgengilega almenningi. Þá skal nefndin senda skrána til allra sóknarpresta og forstöðu manna skráðra trúfélaga. Mannanafnanefnd skal endurskoða mannanafnaskrá eftir því sem þörf er á og gefa hana út í heild eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
2. Að vera prestum, forstöðumönnum skráðra trúfélaga, Hagstofunni, dómsmálaráðherra og forsjármönnum barna til ráðuneytis um nafngjafir og skera úr álita- og ágreiningsefnum um nöfn samkvæmt lögum þessum.
3. Að skera úr öðrum álita- og ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir, nafnritun og fleira þess háttar.

Af þessu má sjá að mannanafnanefnd er úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nöfn og annað sem að nöfnum lýtur. Nefndin skal einnig skera úr um hvort nafn sé heimilt þegar svo stendur á að óskað er eftir nafni sem ekki er á mannanafnaskrá eða þegar nafn hefur verið gefið sem svo háttar um (sbr. 3. gr.). Enn fremur er óskum um að kenninafn barns sé lagað að erlendu eiginnafni foreldris þess skotið til úrskurðar mannanafnanefndar (sbr. 4. mgr. 8. gr.).

Nefndin skal kveða upp úrskurði sína svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá því að mál berast nefndinni. Skv. 2. mgr. 22. gr. eru úrskurðir mannanafnanefndar endanlegir og er því ekki unnt að skjóta þeim til dómsmálaráðherra.

Samkvæmt upplýsingum mannanafnanefndar hafa erindi til nefndarinnar verið á bilinu 80 – 100 á ári. Algengast er að umsóknir um eiginnöfn og millinöfn séu samþykktar. Úrskurðir nefndarinnar eru birtir á netinu og þar aðgengilegir öllum ásamt mannanafnaskrá.

Mannanafnanefnd samþykkti vinnulagsreglur á fundi sínum hinn 7. september 2000 og komu þær í stað vinnulagsreglna sem samþykktar voru á fundum nefndarinnar 17. ágúst og 12. október 1993. Nýjar vinnulagsreglur voru síðan samþykktar á fundi nefndarinnar 1. júlí 2004.

Í vinnulagsreglunum er vísað til 5. gr. laganna sem og 2. mgr. 6. gr. um að eiginnafn og millinafn skuli hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Í vinnulagsreglunum segir síðan:

Hugtakið **hefð** varðar einkum erlend nöfn frá síðari öldum sem ekki hafa aðlagast íslensku málkerfi eða almennum ritreglum íslensks máls. Þau eru stundum nefnd ung tókunöfn og koma fyrst fram í íslensku máli árið 1703 þegar manntal á Íslandi var tekið fyrsta sinni.

Túlkun mannanafnanefndar á hugtakinu **hefð** í 1. og 3. málslíð 5. greinar og 2. málsgrein 6. greinar styðst við eftirfarandi reglur sem nefndin setti sér á fundi 7. september 2000⁶:

1. Ungt tókunafn telst hafa unnið sér hefð í íslensku máli ef það fullnægir einhverju eftirfarandi skilyrða:

- a. Það er nú borið af a.m.k. 15 Íslendingum⁷;
- b. Það er nú borið af 10-14 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri;

⁶ Hér hefur væntanlega átt að vísa til fundarins 1. júlí 2004.

⁷ Með Íslendingum er átt við þá íslensku ríkisborgara sem eiga eða hafa átt lögheimili hér á landi.

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

- c. Það er nú borið af 5-9 Íslendingum og hinn elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri;
- d. Það er nú borið af 1-4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910;
- e. Það er ekki borið af neinum Íslendingi nú en kemur a.m.k. fyrir í tveimur manntölum frá 1703-1910.

2. Tökunafn getur verið hefðað, þó að það komi ekki fyrir í manntölum, ef það hefur unnið sér menningarhelgi. Nafn telst hafa unnið sér menningarhelgi komi það fyrir í alkunnum ritum, frumsömdum og þýddum, í nafnmynd sem ekki brýtur í bág við íslenskt málkerfi.

Vinnulagsreglurnar frá 1. júlí 2004 voru nákvæmlega samhljóða reglunum frá 2000 að öðru leyti en því að þar sem stóð íslenskir ríkisborgarar í eldri reglum stendur Íslendingar í þeim nýrri.

Tafla 14 sýnir yfirlit um úrskurði mannanafnanefndar árið 2004. Eftir því sem næst verður komist er niðurstaða mála árið 2004 nokkuð dæmigerð fyrir afgreiðslu mála hjá nefndinni frá því að mannanafnalögin frá 1996 tóku gildi.

TAFLA 14

Yfirlit yfir úrskurði mannanafnanefndar árið 2004

	Samþykkt	Hafnað	Samtals
Eiginnöfn ⁸	60	25	85
Ritmyndir eiginnafna	5	0	5
Millinöfn	7	2	9
Aðlöguð kenninöfn	3	1	4
Samtals	75	28	103

Heimild: Úrskurðir mannanafnanefndar 2004.

Taflan sýnir að af þeim erindum sem mannanafnanefnd bárust á árinu 2004 þá samþykkti hún u.þ.b. $\frac{3}{4}$ þeirra.

5. ÁBENDINGAR

Mannanafnalög, nr. 45/1996, gengu í gildi 1. janúar 1997. Komin er því átta ára reynsla á framkvæmd þeirra.

Upplýsingar um úrskurði mannanafnanefndar virðast benda til tvenns: Málum hjá nefndinni hefur fækkað frá því sem var meðan mannanafnalögin frá 1991 voru í gildi. Þá virðist nefndin samþykkja nú fleiri erindi en áður. Vinnulagsreglur nefndarinnar frá árinu 2000 virðast enn hafa ýtt undir þá þróun, en þá voru settar reglur um það hvenær nöfn skyldu teljast hefðuð í íslensku.

Upplýsingar frá Þjóðskrá sýna hvaða breytingar eru helst gerðar á nöfnum manna með stoð í ákvæðum mannanafnalaganna. Breytingar þessar eru af tvennum toga, þær sem gerðar eru með sérstöku leyfi dómsmálaráðherra og þær sem einstaklingar geta tilkynnt beint á grundvelli laganna til Þjóðskrár.

Eftirlitsnefndin óskaði eftir ábendingum frá mannanafnanefnd annars vegar og dómsmálaráðuneyti og Þjóðskrá hins vegar um framkvæmd laganna og hvað betur mætti fara, í ljósi framkvæmdarinnar á undanförunum árum. Fram kom sú skoðun að mannanafnalögin

⁸ Í þremur tilvikum var um endurupptekin mál frá eldri árum að ræða. Í tveimur tilvikum var eiginnafn samþykkt við endurupptökuna en í einu tilviki var því aftur hafnað.

Eftirlitsnefnd með mannanafnalögum

væru orðin of rúm, þau í raun leyfðu öll eiginnöfn að því tilskildu að hægt væri að bæta eignarfallsendingu við nafnið. Aðilar sem nefndin leitaði til töldu á hinn bóginn að erfitt gæti orðið að ganga til baka og þrengja löginn á nýjan leik.

Hér á eftir eru raktar þær ábendingar sem nefndinni bárust frá þessum aðilum um breytingar á mannanafnalögum frá 1995

1. Breyta þyrfti 1. mgr. 11. gr. laganna og fella brott orðin: *með lögum* í 1. málslíð 1. mgr.
2. Í II. kafla laganna um eiginnöfn og III. kaflann um millinöfn vanti ákvæði um að ekki sé unnt að heita nema einu eins nafni, hvort sem ræðir um eiginnafn eða millinafn (dæmi: Ómar Ómar).
3. Bæta þarf við 2. mgr. 10. gr. laganna tilvísun til afa og ömmu þannig að hún verði svohljóðandi: *Sé annað foreldri barns, afi eða amma þess, erlendur ríkisborgari eða hafi verið það er*
4. Skoða þarf ákvæði 16. gr. laganna með það fyrir augum að börnum yngri en 18 ára geti verið heimilt að taka upp nýtt kenninafn. Atvik geta verið með þeim hætti að það sé barni einstaklega erfitt að bera kenninafn, t.d. ef foreldrið sem barnið er kennt til hefur beitt það ofbeldi og barnið vill ekki kenna sig til hins foreldrisins. Hugsanlega má ná sama markmiði með því að endurskoða ákvæði 14. gr. laganna.
5. Koma þarf skýrt fram í 8. gr. laganna að forsjáforeldri geti bætt nýju kenninafni / millinafni við barn sitt án samþykkis hins foreldrisins og það einnig þótt þau hafi farið saman með forsjá barnsins við skráningu kenninafns.
6. Skerpa þarf orðalag í 3. mgr. 14. gr. laganna í þeim tilvikum er barn er kennt til móður og þess er síðar óskað að það verði kennt til stjúpa. Koma þarf fram í ákvæðinu að í því tilviki hafi forsjárlausa foreldrið ekki umsagnarrétt. Orðalag 2. másl. 3. mgr. gæti orðið svohljóðandi: *Leita skal samþykkis þess kynforeldris sem ekki fer með forsjá barnsins, enda sé barnið kennt til þess, og ef unnt er áður en*
7. Breyta þyrfti orðalaginu *verulegs hagræðis* í 6. mgr. 14. gr. laganna án þess þó að heimildin yrði rýmkuð verulega frá því sem nú er.
8. Skoða þarf hvort orða þurfi skýrar ákvæði 3. mgr. 5. gr. laganna um að eiginnafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.⁹
9. Kanna þarf hvort rýmka eigi ákvæði 3. mgr. 14. gr. laganna þannig að feðrað barn eigi að geta kennt sig til sambúðarmaka foreldris eftir að sambúð hefur varað í tiltekinn tíma, t.d. fimm ár. Í orðabókum er stjúpforeldri skilgreint sem stjúpmóðir, stjúpfaðir, maki eða sambylisaðili foreldris. Í lögfræði er önnur og þrengri skilgreining á stjúpforeldri.
10. Bent var á að skylda eigi foreldra til að gefa barni nafn innan þriggja mánaða frá fæðingu, sbr. 2. gr. laganna.

⁹ Í skýringum með ákvæðinu var á það bent að það væru auðsæilega mikilvægir hagsmunir barna að þeim væru ekki gefin nöfn sem telja yrði ósiðleg, niðrandi eða meiðandi, eins og t.d. Skessa, Þrjótur eða Hel. Ákvæðið væri þó vandmeðfarið því að erfitt væri að leggja hlutlægt mat á hugtakið *ama*. Besta tryggingin fyrir því að gætt væri jafnræðis borgaranna við framkvæmd ákvæðisins væri að því yrði beitt mjög varlega. Þannig sýndust ekki rök til að beita ákvæðinu sérstaklega gegn gælunöfnum. Eðlilegast væri að því yrði aðeins beitt að telja megi merkingu nafns neikvæða eða óvirðulega. Ýmsum finnst að mannanafnanefnd hafi samþykkt ýmis eiginnöfn sem hafna hefði átt á grundvelli þessa ákvæðis.

11. Skoða þarf orðalag 3. mgr. 6. gr. þar sem merking ákvæðisins virðist vefjast fyrir fólki. Til greina kemur að orða málsgreinina svo: Millinafn sem fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr., er heimilt
12. Skiptar skoðanir eru um ákvæði 2. mgr. 9. gr. Þeir sem nefndin ræddi við töldu ýmist að ekki ætti að hreyfa við ákvæðinu eða að fella ætti það úr lögnum.
13. Bent var á að kanna þyrfti hvort tilvísun 1. mgr. 10. gr. laganna í 2. gr. væri hugsanlega prentvilla.¹⁰ Í eldri mannanafnalögum voru erlendir ríkisbogarar þannig ekki undanþegnir því að gefa börnum sínum nafn innan sex mánaða frá fæðingu.
14. Bent er á að umorða eigi 1. mgr. 11. gr. þannig að í stað orðanna: *í samræmi við ákvæði laga þessara* í lokamálslið 1. mgr. sé eðlilegra að segja: *í samræmi við ákvæði 5. gr. um eiginnöfn, 6. og 7. gr. um millinöfn og 2. – 4. mgr. 8. gr. um kenninöfn*.
15. Bent var á að hugsanlega ætti að breyta 1. tölul. 1. mgr. 22. gr. þannig að útgáfa mannanafnaskrár yrði færð frá mannanafnanefnd. Fram kom að mannanafnaskráin væri ófullkomin. Til væri fjöldinn allur af nöfnum sem hefðu verið gjaldgeng í mannanafnaskrá en af einhverjum ástæðum rötudu ekki í upphaflegu skrána. Fram kom að mannanafnanefnd hefur ekki endurskoðað skrána eins og lög bjóða.
16. Endurskoða þarf dagsektaákvæði 25. gr. laganna. Grunnur fjárhæðar er þar svo lágur að úrræðið verður í raun einskis virði.
17. Bent var á ákvæði 3. mgr. 9. gr. og vegabréf sem kunna að hafa verið útgefin vegna upptöku föður- eða móðurnafns hins makans vegna búsetu erlendis. Ef til vill er ástæða til að hafa ákvæðið ekki jafn fortakslaust og það nú er m.t.t. þessa.
18. Bent var á að setja þyrfti í 5. gr. laganna ákvæði sambærilegt 4. mgr. 8. gr. laganna.

6. LOKAORÐ

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga um mannanöfn, nr. 45/1996, telur sig með skýrslu þessari hafa lokið störfum sínum.

Hér að framan hefur verið farið yfir reynsluna af framkvæmd mannanafnalaga og þar stuðst við tölulegar upplýsingar frá Þjóðskrá. Vert er að ítreka það sem áður hefur verið bent á, að samantekt Þjóðskrár á þessu tölulega efni um framkvæmd mannanafnalaga er til mikillar fyrirmyndar og gefur óvenjulegt tækifæri til að gera úttekt á því hvernig framkvæmd mannanafnalaganna hefur í raun reynst.

Þá hefur eftirlitsnefndin rakið hér að framan ábendingar aðila sem koma að framkvæmd laganna um lagabreytingar. Breytingar þessar eru flestar þess eðlis að þeim er ætlað að sníða af ákveðna vankanta og ósamræmi á lögnum, sem átta ára framkvæmd hefur leitt í ljós.

Eftirlitsnefndin leggur til að dóms- og kirkjumálaráðuneytið fari yfir þessar ábendingar og ráðuneytið, í samvinnu við mannanafnanefnd og Þjóðskrá, vinni frumvarp til laga um breytingu á mannanafnalögum til samræmis við þessar ábendingar, allar, eða einhverjar. Eftirlitsnefndin telur mikilvægt að í þeirri vinnu verði sérstaklega skoðað hvort hægt sé að þrengja með einhverjum hætti ákvæði laganna varðandi ný eiginnöfn.

¹⁰ Í greinargerð með ákvæðinu er vísað til þess að málsgreinin svari til 1. mgr. 8. gr. eldri mannanafnalaga. Í því ákvæði var vísað til 1. og 2. gr. eldri laga sem svara til 4. gr. gildandi laga.